

## Grunnskólarnir á Akureyri - أكورري

Á Akureyri eru 7 almennir grunnskólar fyrir nemendur frá 6 – 16 ára. Auk þess eru grunnskólar í eyjunum Hrísey og Grímsey og einn skóli fyrir nemendur sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða.

Flestir nemendur eru í þeim skóla sem er næstur heimili þeirra.

Oftast eru um 18 – 25 nemendur í hverjum bekk og umsjónarkennari sér um hvern nemendahóp. Ef bekkir eru fjölmennir eða ef margir nemendur þurfa sérstaka aðstoð er oft aðstoðarkennari inni í bekknum.

### Veikindi og leyfi

Ef nemandi er veikur þarf að láta skólann vita að morgni hvers dags, annaðhvort í síma eða með tölvupósti.

Ef nemendur þurfa að fá frí þarf að biðja umsjónarkennara um það og ef frí er lengra en þrjú dagar þarf að sækja skriflega um það til skólustjóra.

### MENTOR

Mentor er vefur sem kennarar nota í samskiptum við foreldra og fjölskyldur. Margir kennarar skrifa bréf til foreldra í hverri viku. Þeir skrá einnig í Mentor ef nemendur koma ekki með námsgögn, koma of seint eða þurfa að bæta hegðun sína.

Ritarar skólanna aðstoða foreldra við að komast inn í Mentor en til þess opna vefinn þarf bæði að hafa kennitölu og netfang.

### Mötuneyti

Allir skólar á Akureyri bjóða nemendum að kaupa heitan mat í hádeginu. Ódýrast og best er að nemendur séu alltaf í hádegismat. Þá kostar hver máltíð 427 krónur. Alltaf er boðið upp á grænmeti og ávexti með mat í hádeginu. Ef einhver borðar ekki aðalrétt dagsins getur hann alltaf fengið ávexti og grænmeti og ætti að verða vel saddur.

Á morgnana er hægt að kaupa mjólk og ávöxt til að borða í nestistíma (um kl. 9:30) og flestir krakkar hafa með sér smurða brauðsneið, grænmeti eða ávöxt í nestisboxi.

Kennarar hvetja nemendur til að drekka mjólk eða vatn.

Áður en skóli byrjar á morgnana geta allir nemendur fengið hafragraut frítt í skólanum.

**ÞAÐ ER ALGJÖRLEGA BANNAÐ AÐ KOMA MEÐ SÆTABRAUÐ, SÆLGÆTI OG GOS Í SKÓLANN.**

**Akureyrarbær greiðir reikninga fyrir mötuneyti barna ykkar frá febrúar – desember 2016.**

### **Frístund**

Nemendur sem eru í 1.-4. bekk eiga kost á því að dvelja í frístund eftir að hefðbundnum skólatíma lýkur á daginn og til kl. 16:00. Yngstu nemendurnir eru fjölmennastir í þessum hópi. Nemendur sem eru lengi í frístund fá síðdegishressingu um kl. 15:00.

Fjölskylduafsláttur er í frístund og fyrsta barn borgar þá fullt gjald en barn númer tvö fær 30% afslátt af fullu gjaldi. Hver klukkustund í frístund kostar 357 krónur og lágmark er að dvelja 20 klukkustundir í mánuði. Foreldrar geta því sótt um að barn sé í frístund, t.d. tvo daga í viku ef það hentar fjölskyldunni.

Í frístund er lögð áhersla á samveru og leik barnanna.

**Akureyrarbær greiðir reikninga fyrir frístund frá febrúar – desember 2016.**

### **Heimanám**

Heimanám er ekki mikið í íslenskum skólum. Á meðan börn eru að læra að lesa þurfa foreldrar alltaf að styðja við lestrarnám og þjálfastur heima eins og hægt er. Oft þarf líka að ljúka við verkefni sem ekki hefur tekist að klára í skólanum.

### **Kennsluhættir**

Í skólanum er reynt að koma til móts við þarfir hvers og eins, eftir bestu getu.

Nemendur eru ekki alltaf á sama stað í námsefninu og þeir eru misfljótir að vinna og læra.

Í unglingadeildum, frá 8. – 10. bekk eru valgreinar og þá geta nemendur valið sér þrjár-fjórar greinar (samtals 6 -8 kennslustundir) af þeim greinum sem eru í boði en alls eru nemendur unglingastigs með 37 kennslustundir á viku. Nemendur á miðstigi (5.-7. bekk) eru 35 kennslustundir á viku í skóla og yngstu nemendurnir 30 kennslustundir.

### **Íþróttir og sund**

Allir nemendur eru í íþróttum og sundi. Oftast eru tveir íþróttatímar á viku og einn sundtími. Í íþróttum eru krakkarnir í stuttbuxum og stuttermabol. Allir fara í sturtu eftir íþróttatíma og nauðsynlegt að koma með handklæð og svo sundföt í sundtíma.